

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Co. ÖBÍ

Skrifað í Reykjavík þann 11. maí 2012

Efni: Umsögn Áss styrktarfélags um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, nr. 88/2011 (ráðstafanir til að draga úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk).

Almenn umsögn um frumvarpið:

Við hjá Ás styrktarfélagi fögnum því að nú er í sjónmáli löggjöf sem tekur á nauðung og þvingunaraðgerðum í þjónustu við fatlað fólk. Við höfum lagt á það áherslu í okkar starfi að starfsfólk sé meðvitað hvað í þessu felst. Það er nauðsynlegt að vekja til vitundar og fræða um, hvenær fólk er farið að beita nauðung. Að það sé ekki sjálfsgagt, að þar hafi hver og einn geðþóttavald sem og eigin skilning á hvað má og hvað má ekki gagnvart þriðja aðila. Rétt er að áréttta að oft eru hér á ferðinni mjög persónuleg og erfið mál sem varast ber að fari fyrir augu margra eða í gegnum hendur annarra en nauðsynlega þurfa að koma að málum. Persónuvernd og trúnaður eru mikilvæg atriði sem og skilvirkni þeirra sem um mál fjalla.

Eftir rýni frumvarpsins bendum við á eftirfarandi atriði sem rétt er að ræða og skoða nánar. Einnig atriði sem þarfnast frekari skoðunar:

d. gr. 13. um neyðartilvik.

Nauðsynlegt er að hægt sé að tilkynna strax með rafrænum hætti og má þar vísa til reglna vinnueftirlitsins, þó að ítarlegri atvikalýsingu sé gefin lengri frestur. Mannlegt er að í hugum fólks farnist yfir og atvikið verður ekki munað eins ítarlegar þegar frá líður.

e og f. Gr. 14. – 15. Sérfræðiteymi og nefnd um undanþágu:

Í ljósi umsagnar hér að framan leggjum við til eitt 5 manna teymi sem sem bæði kemur að þeim þáttum sem getið er í 14. gr. sem og að veita undanþágu samkvæmt 15. gr. Rök: Verði þessu breytt koma einungis 5 aðilar að málum en eins og þetta stendur í frumvarpinu getur jafnvel 10 manns komið að máli.

Einnig viljum við benda á að nauðsynlegt er að fulltrúi notenda komi að þessari vinnu enda er þar mest sérþekking á aðstæðum og eðli mála.

Ekki er ólíklegt að mála fjöldi í byrjun verði meiri en þegar fram í sækir.

Nauðsynlegt er að biðtími til að komast að með mál sé ekki langur þar sem mál eru oft þess eðlis að þau þola illa bið.

Nauðsynlegt er að tími er líður frá samþykkt lagana þar til reglugerð er þeim fylgir kemur út sé eins stuttur og nokkur kostur er.

Varast ber flókin ferli og skrifinnskubákn. Eftir því sem auðveldara og skilvirkara kerfi getur tekið við tilkynningum og undanþágubeiðnum, veitt ráðgjöf og veitt umsögn. Því skilvirkari og hjálplegri verða lögin fötluðum einstaklingum og þjónustuaðilum þeirra.

g. Gr. 16 um undanþágur:

Nauðsynlegt er að eyðublað um undanþágubeiðnir sé aðgengilegt á netinu og eins einfalt í formi og kostur er.

Í lið c. Hver metur hvað eru nauðsynlegar heilsufarsupplýsingar? Reglugerð þarf að kveða skýrt á um þetta.

Í lið g. Bæta þarf við í þessa setningu: er kemur að þjónustu við einstakling í búsetu- eða annarri þjónustu sem hann sækir.

Sp. er hvort ekki eigi að koma fram í sér lið í þessari gr. hversu lengi er óskað eftir undanþágunni og hvernig ætlunin sé að vinna með atvikið svo að komast megi hjá og finna aðrar leiðir en beitingu nauðungar fyrir viðkomandi einstakling.

h. Gr. 17. Um málsmeðferð:

Þegar mikið gengur á eru 2 vikur langur tími. Eins og ef þarf að afla frekari gagna getur það seinkað mjög málsmeðferð. Við leggjum áherslu á að ætíð sé það haft að leiðarljósi að einfalda ferlið og stytta sem mest það má. Nauðsynlegt getur verið að fólk tali saman frekar en allt ferlið fari í bréfaskriftir sem lengir það ónauðsynlega.

i. Gr. 18. Um form og efni:

Verður umfang slíkra mála það viðamikilið að réttindagæslumaður anni því ekki og að önnur mál víki fyrir nauðungarmálum? Ekki má svo verða og því nauðsynlegt að hægt sé að bæta við aðilum til að sinna réttindagæslu verði þetta raunin. Umfang þar ætíð að vera viðráðanlegt svo gagn sé að.

j. Gr. 19. Skráning:

Eins og gr. orðast er hægt að skilja það svo að bréfaskriftir (sniglapóstur) séu milli aðila. Við bendum á að slíkt geti verið þungt kerfi og orðið að íþyngjandi skrifræði. Mikilvægt er að hér verði gefnir rafrænir möguleikar á að gefa skýrslu til að stuðla að skilvirkni.

F.h. Áss styrktarfélags

Þóra Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri.
Hrefna Sigurðardóttir, ráðgjafaproskafjálfi og
Guðbjörg Elsa Sveinbjörnsdóttir, félagsráðgjafi.